




örfa portrett. Þó svo að yfirlitssýningar séu sjaldnast sölusýningar, er aldrei að vita nema aðdáendum Louisu takist að næla sér í eintak á Kjarvalsstöðum, því listakonan kemur til landsins í tilefni sýningarinnar og öll málverkin sem þar verða eru í hennar eigu. Á meðan Louisa verður í Vestursalnum, fær **Daníel Magnússon** Austursalinn til umráða og **Þorsteinn frá Hamri** verður með ljóðasýningu...


Gunnar Kvaran listfræðingur og forstöðumaður Kjarvalsstaða hefur verið laginn við að fá hingað



Sýningin með Louisu verður ekki eina yfirlitssýningin á Kjarvalsstöðum í haust. Þegar búið verður að taka hana niður tekur við yfirlitssýning á verkum **Gunnlaugs Blöndal**, en hann hefði orðið hundrað ára á þessu ári. Gunnlaugur var eftirlætismálari borgarastéttarinnar, málaði fallegar og rómantískar myndir. Það er því óhætt að segja að hann hafi verið ansi ólíkur nafna sínum **Scheving** og það hefur einhverntíma verið haft eftir **Birni Th. Björnssyni** listfræðingi að gaman væri að bera saman á hvaða heimilum væri Blöndal og hvar Scheving. Hvort valið á sýningum segir eitthvað um muninn á Kjarvalsstöðum og Listasafni Íslands er svo annar handleggur, en Listasafnið ætlar að halda sýningu á Scheving á þar næsta ári...

verk heimspekktra listamanna, ekki sist ef þeir hafa eitthvað tengst Frakklandi. Að þessu sinni er það stór sýning á verkum franska myndhöggvarans **Auguste Rodin** sem sett verður upp á Kjarvalsstöðum í lok október. Þá gefst landsmönnum tækifæri til að líta augum hinn fræga „Hugsuð“, sem til er í afsteypu á fjölmörgum heimilum í landinu. Hvort Hugsuðurinn á Kjarvalsstöðum er hin upprunalega stytta er svo annað mál því yfirlitt eru gerðar afsteypur af svona höggmyndum. Eitt geta sýningar gestir þó að minnsta kosti verið vissir um en það er að stytta verður áreiðanlega í upprunalegri stærð...

Þegar sýningu norrænna textillistamanna líkur á Kjarvalsstöðum í ágúst opnar á safninu yfirlitssýning með verkum **Louisu Matthíasdóttur**. Þarna geta listunendur velt fyrir sér þróuninni í list Louisu, en uppstaðan í sýningunni verða verk frá sjöunda áratugnum og svo nýleg verk. Louisa sýndi síðast á Íslandi fyrir nokkrum árum í Galleri Borg og seldust þá allar myndirnar utan



HAFNARDAGUR

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Í GÖMLU HÖFNinni

LAUGARDAGINN 24. JÚLÍ, FRÁ KL. 10-18

Fjölbreytt dagskrá á hátíðarsvæði Reykjavíkurhafnar á Faxagarði, Austurbakka og Miðbakka

8-18:

Skemmtiferðaskipið **Funchal** við Miðbakka. Danska varðskipið **Vædderen** við Faxagarð. Varðskipið **Ægir** við Austurbakka.

10.00-17.00:

MARKAÐSTORG

með sjávarvörur á Austurbakka.

SJÁVARRETTAVEITINGAHÚS á Austurbakka.

SÝNING á sjávardýrum.

SALTFISKVERKUN

Opið hús hjá Fiskaupum í Grófaraskála.

TÍVOLI

á Miðbakka. Ókeypis í boði Reykjavíkurhafnar frá kl. 10.00-14.00.

10.00-15.00:

DORGVEIÐIKEPPNI

við Grófarbyggju.

Uppboð á aflanum við Faxamarkað kl. 15.30

10.30-11.30 OG 13.15-13.45

BJÖRGUNARÆFING

áhafna Vædderens og Ægis. Danskar og íslenskar þyrflur taka þátt í æfingunni.

13.30-14.00:

LÚDRASVEIT

VERKALÝÐSINS

leikur sjómannaög.

12.00-14.00:

EYJAHRINGURINN

Hin árlega siglingakeppni Brokeyjar og Reykjavíkurhafnar. Keppendur ræstir stundvíslega kl. 12.00 með fallbyssu á Batteriinu. Verðlaunaafhending vegna siglingakeppinnar verður við Faxamarkað kl. 15.00.

14.00-17.00:

SJÓTÍVOLI

slysavarnadeildarinnar Ingólfs fyrir yngstu kynslóðina.

14.00-17.00:

OPIN SKIP

Danski flotinn býður gestum að skoða varðskipið Vædderen við Faxagarð og Landhelgisgæslan býður gestum að skoða varðskipið Ægi við Austurbakka.

14.00-17.00:

KAFFISALA

kvennadeildar Slysavarnafélagsins á 4. hæð í Hafnarhúsinu.

16.00-18.00:

DJASSTÓNLEIKAR

á Austurbakka í boði Reykjavíkurhafnar.

Hljómsveit **Carls Möllers** leikur.

Hljómsveitina skipa: **Carl Möller** – piano,

Árni Scheving – vibráfónn,

Þórður Högnason – bassi,

Guðmundur Steingrímsson – trommur,

Björn Thoróddsen – gítar

og söngkona **Andrea Gylfadóttir**.

Frumfluttur verður Hafnarblús, sem saminn var af hljómsveitinni í tilefni Hafnardagsins.



REYKJAVÍKURHÖFN



SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR,

GAGNRÝNANDI:

„Heitur ilmur,
bragðmikil bressing.“

ÞETTA ER

KAFFIÐ SEM

MÆTIR KRÖFUM MÍNUM“

Ný blanda
– ríkara bragð.

Þeir sem þekkja gott kaffi, vita

hvað til þarf. Úrvals Old Java

kaffibaunir, þurrkun og

brennsla við kjörskilyrði.

Þannig er Maxwell House kaffi.

Maxwell House drekka þeir sem

þekkja kaffi.

MAXWELL HOUSE

...engu öðru líkt!

